

## Fundargerð 408

Miðvikudaginn 9. október 2013 kl. 10:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1, Sauðárkróki. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn Þóroddur Bjarnason formaður, Matthildur Helgadóttir Jónudóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Ólöf Hallgrímsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson. Guðmundur R. Gíslason og Valdimar Hafsteinsson boðuðu forföll. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason, forstöðumaður lögfræðisviðs (við dagskrárliði 8 & 14), Pétur Grétarsson lánasérfræðingur (við dagskrárlið 13), Sigurður Árnason sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 13) Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:09 og bauð stjórnarmenn velkomna og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Merki Byggðastofnunar
3. Framfylgd starfs- og rekstraráætlunar
4. Endurskoðun rekstraráætlunar
5. Minnisblað um gengisáhættu
6. Tillaga um veitingu óverðtryggðra lána
7. Samstarf við NIB um lánveitingar á starfssvæði Byggðastofnunar
8. Fundargerðir lánanefndar
9. Greinargerð fyrirtækjasviðs um lánveitingar í ferðaþjónustu
10. Öryggisstefna fyrir Byggðastofnun
11. Jafnréttisstefna fyrir Byggðastofnun
12. AVS og flutningsjöfnun olíuvara; hugmyndir um færslu verkefna til Byggðastofnunar
13. Samstarfsskvóti (1.800 tonna kvótinn) kynning framkominna umsókna og ákvörðun um næstu skref
14. Önnur mál
15. Næsti fundur

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 407 og var hún samþykkt samhljóða og síðan dreift til undirritunar.

### 2. Merki Byggðastofnunar

AÐ kynnti tillögu að nýju merki stofnunarinnar og sagði frá þeirri vinnu sem farið hefur verið í varðandi kynningarmál stofnunarinnar. Áætlað er að taka merkið í notkun í byrjun árs 2014.

Formaður bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

### 3. Framfylgd starfs- og rekstraráætlunar

SBS og EGK fóru yfir framfylgd starfsáætlunar og MH yfir stöðu rekstar í lok ágúst 2013.

Rætt var um kynningu á skýrslu stofnunarinnar um fjölda opinberra starfsmanna sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vann fyrir Byggðastofnun. Skýrsla um hagvöxt landshluta 2007-2011 kemur út á næstu dögum. MH fór yfir 8 mánaða uppgjör.

### 4. Endurskoðun rekstraráætlunar.

AÐ og MH fóru yfir endurskoðaða rekstraráætlun.

### 5. Minnisblað um gengisáhættu

MH ræddi um gengisáhættu stofnunarinnar og minnisblað um efnið sem sent var stjórn. Gott jafnvægi er í dag á milli eigna og skulda í erlendum myntum.

### 6. Tillaga um veitingu óverðtryggðra lána

EGK og MH fjölluðu um veitingu óverðtryggðra lána og vaxtakjör sem fyrirtækjum og einstaklingum á starfssvæði Byggðastofnunar bjóðast í dag. Leggja þau til að Byggðastofnun veiti lán með 4,0% álagi ofan á s.k. REIBOR vexti. Skilyrði fyrir lánveitingum með óverðtryggðum vöxtum væri að þau væru ekki notuð til að endurfjármagna verðtryggð lán hjá stofnuninni.

Formaður leggur til að í stað 4,0% álags veiti Byggðastofnun óverðtryggð lán með 3,5% álagi ofan á REIBOR vexti.

Samþykkt samhljóða.

### 7. Samstarf við NIB um lánveitingar á starfssvæði Byggðastofnunar

AÐ og MH sögðu frá fundi sem EGK og MH áttu með fulltrúum Norræna fjárfestingabankans (NIB) um mögulega lánveitingu NIB til Byggðastofnunar. Viðræðum verður haldið áfram og stjórn upplýst þegar meira liggur fyrir.

### 8. Fundargerðir lánanefndar

Á fundinn kom HÁ

*Fundargerð lánanefndar nr. 16/13, 28. ágúst 2013*

EGK, AÐ og HÁ fóru í gegnum fundargerðina.

...

...

...

*Fundargerð lánanefndar nr. 17/13, 11. september 2013*

AÐ fór yfir fundargerðina.

*Fundargerð lánanefndar nr. 18/13, 25. september 2013*

AÐ fór yfir fundargerðina.

...

Fundargerðirnar staðfestar.

## **9. Greinargerð fyrirtækjasviðs um lánveitingar í ferðaþjónustu**

EGK fór yfir stöðu lánasafns og helstu atvinnugreina innan þess og skiptingu á milli landshluta.

Fundi frestað kl. 12:10 og framhaldið aftur kl. 12:45

## **10. Öryggisstefna fyrir Byggðastofnun**

Skv. Leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2012 um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila ber þeim að setja sér stefnu þar sem ákveðin eru markmið og öryggiskröfur til reksturs upplýsingakerfa.

AÐ leggur fram eftirfarandi stefnur til samþykktar:

- Öryggisstefna
- Aðgangsstefna
- Öryggisafritunarstefna
- Fjarvinnslustefna

Stefnurnar samþykktar samhljóða.

## **11. Jafnréttisstefna fyrir Byggðastofnun**

Skv. lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 10/2008 ber öllum fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta kynjasjónarmið í starfsmannastefnu sinni.

Byggðastofnun hefur því ekki þurft að setja sér jafnréttisáætlun en skv. starfsmannastefnu stofnunarinnar er gert ráð fyrir að hjá stofnuninni sé jafnréttisstefna.

Lögð er fram jafnréttisáætlun auk framkvæmdaáætlunar og þeir mælikvarðar sem stofnunin ætlar sér að mæla ár hvert og leggja fyrir stjórn.

Fyrirliggjandi jafnréttisáætlun Byggðastofnunar lögð fram og samþykkt samhljóða en bætt við orðinu „kynhneigð“ í 6. grein.

## 12. AVS og flutningsjöfnun olúvara; hugmyndir um færslu verkefna til Byggðastofnunar

AP kynnti fyrir stjórn verkefni sem vilji er til innan atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins (ANR) að flytja yfir til Byggðastofnunar. Annars vegar er um að ræða Rannsóknarsjóður til að auka verðmæti sjávarfangs (AVS sjóður) og hins vegar Flutningsjóður olúvara. Áhugi er að flytja AVS sjóðinn til Byggðastofnunar fyrir áramót en Flutningsjóð olúvara í október 2014.

Lögð voru fram drög að samningi milli Byggðastofnunar og ANR um AVS sjóðinn og drög að nýjum reglum um sjóðinn.

Bæði þessi verkefni eru talin falla vel að starfsemi Byggðastofnunar og er því lagt til að forstjóra verði veitt heimild til að ganga frá samkomulagi við ANR um yfirtöku þeirra.

Samþykkt samhljóða.

## 13. Samstarfskvóti (1.800 tonna kvótinn) kynning framkominna umsókna og ákvörðun um næstu skref

Á fundinn komu SÁ og PG.

SG fór yfir þau tilboð um samstarf sem bárust um viðbótaraflamark sem Byggðastofnun var falið að úthluta. Frestur til að senda inn umsókn rann út mánudaginn 7. október sl. og bárust 16 tilboð um samstarf. Starfsmenn Byggðastofnunar munu funda með tilboðsgjöfum næstu daga.

Eftirfarandi tilboð bárust:

Staður	Aðili	Tengiliður	Sótt um	Mótframlag
Breiðdalsvík	Flóki ehf.	Jón Hermann Óskarsson	300-500 tonn	tvöföldun
Breiðdalsvík	Auðlind útgerðarfélag ehf.	Ágúst Ólafsson hdl.	600 tonn	
Breiðdalsvík	Grábrók ehf.	Friðþór Harðarson	450 tonn	350 tonn
Breiðdalsvík	Goðaborg hf.	Elís Pétur Elísson	450 tonn	450 tonn+500 tonna leigukvóti
Drangnes	Fiskvinnslan Drangur ehf.	Óskar Torfason	150 tonn	150 tonn - 500 tonn í annarskonar framlagi
Flateyri	Valþjófur ehf.	Gunnar Torfason	450 tonn	450 tonn
Flateyri	Máney útgerðarfélag ehf.	Hörður Ingólfsson	30-50 tonn	30-50 tonn
Flateyri	Artic Oddi ehf.	Bryndís Sigurðardóttir	500 tonn	500 tonn (stjörnumerkt)

Raufarhöfn	G.P.G. fiskverkun ehf.	Gunnlaugur Karl Hreinsson	650 tonn	900 tonn (að lágmarki)
Raufarhöfn	Akraberg ehf. o.fl.	Ragnar Ingibergsson	viðræður	800 tonn
Suðureyri	Rúnar Karvel Guðmunds	Rúnar Karvel	200 tonn	0
Suðureyri	Gnýr HU-14, útgerð ehf.	Steindór I. Kjellberg	40 tonn	20 tonn af leigukvóta
Suðureyri	Íslandssaga hf.	Óðinn Gestsson	600 tonn	1.430 tonn
Tálknafjörður	Ba-337 ehf.	Þór Magnússon	20 tonn	15 tonn
Tálknafjörður	Þórsberg ehf.	Ari Hafliðason	500 tonn	1527 tonn

Lagt er til að tilboðum Flóka ehf., Auðlind útgerðarfélag ehf. og Rúnars Karvels Guðmundssonar verði hafnað þar sem tilboðsgjafar geta samkvæmt tilboðinu ekki lagt fram aflaheimildir í eigin eigu eða sambærilegt mótframlag.

Lagt er til að stjórn Byggðastofnunar veiti leyfi til þess að gengið verði til samninga við aðra tilboðsgjafa á forsendum 2. gr. reglugerðar nr. 840 (19. september 2013) að uppfylltum eftirfarandi skilmálum:

1. Leitað verði eftir einum samningi í hverju byggðarlagi með aðkomu allra gilda tilboðsgjafa.
2. Takist ekki samningar við alla gilda tilboðsgjafa skal leita eftir einum samningi við þann eða þá tilboðsgjafa í hverju byggðarlagi sem best uppfylla 2. gr. reglugerðar nr. 840 (19. september 2013).
3. Miðað sé við að Byggðastofnun leggi til 0,3 þorskígildistonn á móti hverju þorskígildistonni annarra samningsaðila. Þó leggi Byggðastofnun að hámarki fram 400 tonn vegna hvers samnings.
4. Stjórn Byggðastofnunar áskilur sér rétt til að hafna samningum sem hún telur ekki uppfylla markmið laga og reglugerðar. Aflamark sem ekki verður ráðstafað mun verða ráðstafað til annarra umsækjenda eða auglýst að nýju.

Samþykkt samhljóða.

SÁ og PG viku af fundi.

## 14. Önnur mál

### *Endurskoðunarnefnd*

Formaður óskar eftir því að ganga tímabundið úr endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar vegna anna. Forstjóri leggur til að varaformaður Ólöf Hallgrímsdóttir taki sæti hans og taki sú skipun gildi nú þegar.

Samþykkt samhljóða.

*Ríkisendurskoðun*

AP sagði frá skýrslu Ríkisendurskoðunar, „Skýrsla um eftirfylgni: Stuðningur við atvinnu- og byggðaðróun (2010)“ og þeim athugasemdum sem þar koma fram en þær snéru fyrst og fremst að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

*Húsnæðismál*

Formaður sagði frá áætluðum fundi með velferðarráðherra um vandamál tengd íbúðarhúsnæði í landsbyggðunum.

...

*Húsnæði Byggðastofnunar*

AP ræddi um húsnæðismál stofnunarinnar, en leigusamningur Byggðastofnunar við Kaupfélag Skagfirðinga rennur út á næsta ári. Það húsnæði sem stofnunin er nú í nýttist að mörgu leiti illa, ekki síst ef verkefni stofnunarinnar aukast frá því sem nú er. Viðræður hafa staðið við leigusala um ákveðnar endurbætur á húsnæðinu, en ekki skilað niðurstöðu. Rétt þykir að skoða fleiri möguleika, og hafa forstjóri og forstöðumaður rekstrarsviðs rætt við fasteignafélagið Ámundakinn ehf. um möguleika á að taka á leigu af félaginu skrifstofuhúsnæði sem byggt yrði fyrir stofnunina á Sauðárkróki.

*Afhending ráðningarsamninga*

HÁ sagði frá erindi sem komið hefði á grundvelli upplýsingalaga frá Sævari Guðmundssyni um fá upplýsingar um launakjör starfsmanna Byggðastofnunar. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hafði úrskurðað 16. ágúst 2013 (úrskurður A-492/2013) að Byggðastofnun bæri að afhenda ráðningasamninga starfsmanna stofnunarinnar og var úrskurðurinn aðfararhæfur. Allir ráðningasamningar voru afhentir 8. október sl.

**15. Næsti fundur**

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 4. nóvember 2013 á Akureyri.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:47  
Magnús Helgason, fundarritari

---

---

---

---

---